

89 **Bréf stjórnarráðsins til biskups um leyfi til að nota Helgisíðabók íslenzku**
 22. júlí **þjóðkirkjunnar.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 22.f. m. allramildilegast þóknast að veita samþykki sitt til þess, að bók þá, sem út komin er á þessu ári að tilhlutun yðar, háæruverðugi herra, undir nafninu »Helgisíðabók íslenzku þjóðkirkjunnar«, megi taka til notkunar við guðspjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og ráðstöfunar.

90 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um endurgjald á**
 25. júlí **veittum sveitarstyrk.**

Sumarið 1901 var Aðalbjörg nokkur Magnúsdóttir flutt fátækraflutningi úr Reyðarfjarðarhreppi hinum forna til Beruneshrepps, sem þá hafði viðurkent sveitfesti hennar. Hafði hún áður þegið sveitarstyrk í Reyðarfjarðarhreppi, að upphæð 42 kr. 75 a. Eftir að flutningurinn hafði farið fram fekk hreppsnefnd Beruneshrepps grun um, að hún mundi samt eigi vera þar sveitlæg, heldur hafa unnið sér sveit í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna, en þó sést eigi, að neitt hafi verið gert til að fá vissu um þetta fyr en hreppstjóri Beruneshrepps tók skýrslu af henni 29. ágúst 1903 og beiddist aðstoðar yðar, herra sýslumaður, til þess að rannsókninni yrði haldið áfram. Þetta leiddi svo til mjög langvinnns máls um sveitfestina, er lyktaði með úrskurði yðar, dags. 9. nóv. 1907, á þann veg, að hún skildi sveitlæg teljast í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna. Eftir að úrskurður þessi var fallinn, krafðist Beruneshreppur endurgjalds á styrk þeim, sem Aðalbjörgu hafði verið veittur þar, en sá styrkur nam 520 kr. 27 au. að meðtöldum 195 kr. 82 au. styrk, sem syni hennar hafði verið veittur fardagaárið 1904—1905. Með því að Reyðarfjarðarhreppur hinn forni taldi sér eigi skylt að endurgjalda þessa upphæð, að því er son hennar snerti af því, að hann væri eigi sveitfastur þar, en að því er hana sjálfa snerti af því, að það væri eigin sök Beruneshrepps, að hún hefði verið flutt þangað, og krafan auk þess of seint fram komin, leiddi þetta til nýs úrskurðar af yðar hendi, dagsetts 21 jan. þ. á., með þeim úrslitum, að hvorugur hinna nefndu hreppa skyldi eiga kröfu til hins, en Reyðarfjarðarhreppur hinn forni hafði í máli þessu krafist endurgjalds á styrk þeim, 42 kr. 75 au., sem nefndri stúlku hafði verið veittur þar, áður en hún hafði verið flutt í Beruneshrepp, eins og áður segir. Hinum síðarnefnda úrskurði hefir hreppsnefnd Beruneshrepps áfrýjað til stjórnarráðsins með erindi, dagsettu 5. mars þ. á., sem fylgdi bréfi yðar, dags. 18. maí s. á., ásamt öðrum skjölum málsins, og krafist þess, að sér verði úrskurðað endurgjald á öllum hinum veitta styrk. Sveitfestisúrskurðinum hefir aftur á móti eigi verið áfrýjað, og telst umrædd stúlka því sveitlæg í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna.